



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Vesturbyggð  
Óskar Örn Gunnarsson  
Aðalstræti 63  
450 Patreksfjörður

Stykkishólmur, 25. júlí 2023  
MÍ202307-0106/ 6.09 / M.A.S.

## Efni: Vesturbyggð. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í Selárdal

Með tölvupósti dagsettum 26. maí 2023 óskaði Ólafur J. Engilbertsson eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um óverulega breytingu á deiliskipulagi Selárdals, dagsett 25. maí 2023. Gerð er óveruleg breyting á deiliskipulagi frístundabyggða í Selárdal. Bætt er við stígatengingu frá Brautarholt niður í fjöru í Selárdal. Legan getur tekið breytingum við nánari útfærslu. Að öðru leyti haldast skilmálar gildandi deiliskipulags.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir hluta Selárdals á vegum forvera Minjastofnunar Íslands (Agnes Stefánsdóttir Kristinn Magnússon og Magnús A. Sigurðsson 2004. *Skráning fornleifa á jörðunum Húsum, Króki, Rima, Skeiði og hluta jarðarinnar Selárdals í Selárdal við Arnarfjörð*. Fornleifavernd ríkisins)

Tvær skráðar minjar eru í og við fyrirhugaða stígagerð. Annarsvegar er það garður (140464-178-120) sem er austan við safnahúsin í Selárdal. Hinsvegar er það túngarður(140464-178-117) sem er um 120 norðaustur frá safnahúsunum og stígurinn virðist eiga að liggja yfir.

Vakin er athygli á því að skv. 21 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Minjastofnun Íslands fer þar af leiðandi framá að Prýla verði sett yfir túngarðinn til að hlífa honum!

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður

Afrit sent:

Skipulagsfulltrúa ([oskar@landmotun.is](mailto:oskar@landmotun.is))

Ólafí Jóhanni Engilbertssyni ([olafur@sogumidlun.is](mailto:olafur@sogumidlun.is))

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Minjavörður Vesturlands  
Hafnargata 3 340  
Stykkishólmur (354) 570 13  
12 (354) 895 18 80  
[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)  
Kennitala: 440113-0280

Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður  
[magnus@minjastofnun.is](mailto:magnus@minjastofnun.is)